

**Efni: Heimild til að innleiða nýjan samskipta- og upplýsingamiðil starfsfólks Reykjavíkurborgar**

Óskað er eftir að borgarráð heimili þjónustu- og nýsköpunarsviði að hefja innleiðingu á nýjum samskiptamiðli fyrir innri samskipti og upplýsingamiðlun starfsfólks Reykjavíkurborgar.

Allt frá árinu 2017 hefur starfsfólk Reykjavíkurborgar notað Workplace frá Meta fyrir innri samskipta- og upplýsingamiðlun. Vorið 2024 tilkynnti Meta að þeir ætli að hætta með Workplace. Þarfagreining var framkvæmd meðal starfsfólks og niðurstöður gáfu sterklega til kynna að rík þörf er á áframhaldandi notkun á miðli fyrir innri samskipti og upplýsingamiðlun. Samskiptamiðillinn sem fyrir varð fyrir valinu kallast Viva Engage og er hluti af Microsoft svítunni, M365.

Verkefnið er með fjármögnun á kostnaðarstað 2102, Áhöld tæki og hugbúnaður og tilheyrir verkefnaklasa 80001, hugbúnaður og upplýsingakerfi. Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá febrúar 2025 til mars 2026 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 47,3 m.kr., þar af tilheyra 35,3 m.kr. eignasjóði á framkvæmdatímanum og 12 m.kr. í rekstrarkostnað mannauðs- og starfsþróunarsviðs yfir 3 ára tímabil.

Fjármögnun reksturs hefur verið staðfest og samþykkt af eiganda verkefnisins og sviðsstjóra viðkomandi sviðs, dags. 27. febrúar 2025.

Greinargerð fylgir beiðninni.

Virðingarfyllst,



Óskar Sandholt,  
sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs



### **Greinargerð:**

Árið 2017 hóf Reykjavíkurborg innleiðingu á samskiptalausninni Workplace frá Meta fyrir innri samskipti og upplýsingamiðlun starfsfólks eftir samþykkt borgarráðs á tillögu borgarstjóra þar að lútandi. Frá upphafi hefur miðillinn verið mikið notaður. Í maí 2024 tilkynnti Meta að þjónustan yrði lögð niður og gaf notendum aðlögunartíma til að finna nýja lausn. Virkni Workplace lýkur 31. ágúst 2025, en gögn verða aðgengileg til 1. júní 2026.

Þjónustu- og nýsköpunarsvið í samstarfi við mannauðs- og starfspróunarsvið framkvæmdi þarfagreiningu fyrir samskiptalausn fyrir innri samskipti og upplýsingamiðlun starfsfólks, í lok árs 2024. Greiningin, sem byggði á bæði eigindlegum og megindlegum aðferðum, leiddi í ljós að starfsfólk telur slíkan miðil nauðsynlegan. Fjöldmargir hafa vanist notkun hans og margir hópar treysta alfarið á slíkt kerfi.

Við mat á mögulegum lausnum kom í ljós að Viva Engage, ný og betrubætt lausn frá Microsoft, getur að mestu leyst Workplace af hólmi. Viva Engage er hluti af M365 svítunni og þar sem starfsfólk hefur nú þegar aðgang að þessum lausnum í gegnum M365 áskrift, fylgir enginn viðbótarkostnaður. Að auki einfaldar það aðgengi þar sem innskráning í Viva Engage er óþörf ef notandi er skráður inn í M365. Verulegur ábati skapast næstu þrjú árin þegar leyfiskostnaður fyrir samskiptamiðil fellur niður eða um 20 m.kr. á ári. Kostnaður við innleiðingu nýs samskipta- og upplýsingamiðils felst fyrst og fremst í kostnaði við vöru- og verkefnastjóra umbreytinga, tækniútfærslur, samþættingar og utanaðkomandi ráðgjafþjónustu.

Þessi lausn veitir tækifæri til að samræma innri miðlun enn frekar, stytta boðleiðir og sameina vinnutól. Fyrir starfsfólk felst helsti ávinningurinn í því að þurfa ekki að skrá sig inn í mörg mismunandi forrit, sem eykur skilvirkni og minnkar flækjustig í daglegri vinnu.

Jafnréttisskimun fyrir verkefnið liggur fyrir, en fjárfestingin er ekki talin hafa neikvæð jafnréttisáhrif.

Áætlaður framkvæmdatími verkefnisins er frá febrúar 2025 til mars 2026 og er heildarkostnaður skv. frumkostnaðaráætlun 47,3 m.kr., þar af tilheyra 35,3 m.kr. eignasjóði á framkvæmdatímanum og 12 m.kr. í rekstrarkostnað mannauðs- og starfspróunarsviðs yfir 3 ára tímabil.

Kostnaðarstaður: kostnaðarstaður 2102, Áhöld tæki og hugbúnaður. Verkefnaklasi 80001, hugbúnaður og upplýsingakerfi. Verkbeiðnanúmer 263326.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,

Þröstur Sigurðsson  
Skrifstofustjóri Stafræn Reykjavík